



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á aðventukvöldi
í Dómkirkjunni
30. nóvember 2003**

Góðir kirkjugestir

Aðventan. Andi jólanna. Í hugum okkar minningar frá æskuárum. Sjávarþorp fyrir vestan. Fjörðurinn dimmur og drungalegur á vetrarkvöldum. Strandferðarskipið kom með epli og appelsínur og litlu snúnu kertin, marglit í kassa; á aðfangadagskvöld komu allir saman; sjómenn sem höfðu barist við válynd veður og alltaf fannst okkur krökkunum eins og þeir hefðu verið með Jesús í bátum þegar hann hastaði á vindinn og spurði: „Hví eruð þér hræddir, hafið þér enn enga trú?“

Hinn einfaldi texti guðspjallsins greyptist í sálu okkar, sagan af Jósef og Maríu, fátækum í fjárhúsinu, Ágústus keisari gaf út boð um að skrásetja skyldi alla heimsbyggðina, ungbarn reifað og lagt í jötu.

Fyrir vestan voru þau hjónakornin og síðar lærisveinarnir í rauninni okkar fólk, bændur og fiskimenn, gátu verið úr litlu þorpi eins og við, guðspjöllin saga sem tengdist eigin reynslu, ekki fjarlæg heldur samofin lífi og baráttu fólksins.

Íslendingar hafa löngum litið á Biblíuna sem brot af þjóðarsögu. Á Hornströndum og í Jökulfjörðum voru börnin skýrð nöfnum úr Mósebók. Gamla Testamentið var okkur eins nákomið og hið nýja og tungutak heilagrar ritningar féll vel að lífsreynslu við saltan sjó og inn til sveita.

Ár af ári, öld af öld höfum við og aðrar þjóðir hlýtt að nýju á guðspjall jóladagsins, aðventan verið tími gleði og tilhlökkunar en líka íhugunar og áminningar.

Við skynjum í boðskap jólanna samkennd með öðru fólki, fjær og nær, sjáum að bræður og systur glíma við erfiðar þrautir, sjúkdóma og sára fátækt, vitum að mönnum eru sköpuð ólík örlög.

Kirkjan hér við Austurvöll hefur um langa hríð verið vettvangur fagnaðar á jólaföstu og mættu veggirnir mæla mundu þeir fræða okkur um tímana tvenna. Snauð var þjóðin þegar hún reisti Dómkirkjuna, líklegast þá ein sú aumasta í álfunni, sannlega sú smæsta, aðeins sjö tugir þúsunda; byggði samt þetta glæsilega hús og helgaði Kristi. Í rúm tvö hundruð ár hafa Reykvíkingar komið hingað í aðdraganda jóla, oft harmi slegnir og vonsviknir vegna hörmunga og erfiðleika, en líka glaðir og bjartir, tilhlökkun í hverju brosi.

Við höfum verið gæfusöm þjóð Íslendingar, njótum nú meiri velsældar en flestir aðrir, jólin hátíð gjafa sem áður voru aðeins til í draumum, öryggi og farsæld svipmót byggða um landið allt. Samt eru of margir á meðal okkar sem eiga um sárt að binda, berjast í bökkum, hafa ekki fjármuni til að gleðja börn sín á jólum eða til að kaupa föt og var þó löngum hefðin sú að klæðast nýju þegar jólin ganga í garð; hafa jafnvel ekki ráð á mat sem hæfir hátíðum, þurfa að leita á náðir þeirra sem aðstoð veita.

Hjálparstofnun kirkjunnar, Rauði krossinn, Hjálpræðisherinn hér í nágrenninu, Mæðrastyrksnefnd og aðrir í líknarstarfi þurfa sífellt að sinna fleirum, nú þúsundum á ári hverju. Ungar mæður standa í biðröð til að geta fengið poka með matargjöfum, karlmenn á góðum aldri leita bónbjarga, aldraðir í einveru, umkomulausir, sjúklingar sem eiga ekki fyrir lyfjum. Umsvif hjálparstarfsins aukast ár frá ári. Reykjavík er orðin borg eymdarinnar hjá ærið mörgum. Ekki vegna þess að þau hafi brotið af sér, gerst sek um glæpi, heldur bara vegna atvinnuleysis, veikinda, andlegs álags, barnafjölda, örorku eða lágra launa sem duga ekki fyrir framfærslu fjölskyldunnar þótt enginn munaður sé þar á borðum.

Viljum við að Ísland sé svona á okkar tímum? Auðvitað ekki. Samt er þetta veruleikinn. Og umfangið virðist meira nú en áður, fleiri leita ásjár, biðja um hjálp og kirkjan verður sífellt umsvifameiri á þessu sviði. Fyrrum töldum við að matargjafir til fólks í neyð tíðkuðust bara í fjarlægum löndum, nú eru þær fastur liður hér á jólaföstu.

Hefur umræðan sem varð í fyrra engu þokað? Það eru senn aftur jól og við virðumst föst í sama fari, biðraðir eftir mat og aðstoð, mæður með börn, fjöldi fólks sem ber stolt í brjósti og vill bjarga sér sjálft en getur ekki. Mitt í allsnægtum okkar tíma er þetta skuggaveröld þúsunda á landi hér.

Það voru heit gefin í upphafi ársins, samtök launafólks tóku höndum saman, lögðu mikla vinnu í að greina vandann, fræðimenn sendu frá sér viðamiklar rannsóknir á brotalömmum í okkar í velferð, kjörnir fulltrúar tóku til máls, bæði á Alþingi og í sveitastjórnnum, umræðan brýn í öllum miðlum.

Höfum við ekki lýðræðiskraft til að gera betur? Hvaða hindranir standa í vegi? Hvers vegna tekst okkur ekki að ryðja þeim burt? Við viljum ekki að íslensk jól séu tími ótta og örvæntingar, þrautargöngu og erfiðleika.

Í Lúkasarguðspjalli er greint frá því að mannfjöldinn spurði Jóhannes að lokinni skírni: „Hvað eigum vér þá að gjöra?“ og hann svaraði þeim: „Sá sem á tvo kyrtla, gefi þeim, er engan á, og eins gjöri sá er matföng hefur.“ Og þegar Jesús hafði valið lærisveina gekk hann með þeim ofan af fjallinu og nam staðar á sléttri flöt. Þá hóf hann upp augu sín og sagði:

„Gef þú hverjum sem biður þig, og þann, sem tekur þitt frá þér, skaltu eigi krefja. Og svo sem þér viljið, að aðrir menn gjöri við yður, svo skuluð þér og þeim gjöra.“

„Elskið óvini yðar, og gjörið gott og lánið án þess að vænta nokkurs í staðinn, og laun yðar munu verða mikil, og þér verða börn hins hæsta“.

Samhjálpin hefur ætíð verið kjarninn í kristinni trú, lögmálið um fórnina og hina útréttu hönd. Það er fyrirheitið í guðspjallinu um fæðingu Jesús:

„Verið óhræddir, því sjá, ég boða yður mikinn fögnuð, sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og lagt í jötu“.

Já, öllum lýðnum. Alls staðar. Um veröld víða. Samhjálpin nær því út fyrir okkar eigin garð, í fjarlægjar álfur þar sem milljónir berjast á degi hverjum fyrir lífi sínu, lækning og lyf eru ekki til reiðu, brautin til sjálfsbjargar torsótt og grýtt.

Einnig þar þurfum við Íslendingar að koma til liðs og táknræn var för Dómkirkjuprestsins fyrir skömmu til Afríku, vitnisburður um nýjan vilja, ætlun okkar að gera betur.

Hún er löng leiðin héðan frá altarinu í Dómkirkjunni til fátækra þorpa í Úganda og Mósambík þar sem börnin eru sýkt af eyðni, berklar breiðast út með ógnarhraða, vatnið er mengað og uppskerubrestur lamar allt.

Séra Hjálmar var þar fulltrúi okkar og heimkominn með djúpa reynslu færir hann okkur brýnan boðskap, áeggjan um að gera betur, verða öllum að liði, miðla fátækum þjóðum af okkar auði, þekkingu og hæfileikum.

Heimsporið og Dómkirkjan við Austurvöll eru orðin eitt, vettvangur þar sem við öll berum ábyrgð, erum saman eins og við jötuna í Betlehem.

Jesúbarnið er samnefnari allra barna. Hér heima og í framandi álfum. Jólin gleðihátíð með fyrirheit um betra líf – fyrir alla fjær og nær.

Aðventan er tími íhugunar, bæna og bræðralags, ljósin boða nýja birtu, nýja von, kveikja trú í öllum brjóstum.

„Og í sömu svipan var með englinum fjöldi himneskra hersveita, sem lofuðu guð og sögðu:

Dýrð sé Guði í upphæðum,
og friður á jörðu með mönnum, sem hann hefur velþóknun á.

Þegar englarnir voru farnir frá þeim til himins sögðu hirðarnir sín á milli: „Förum beint til Betlehem að sjá það, sem gjörst hefur og Drottinn hefur kunngjört oss.“ Og þeir fóru með skyndi og fundu Maríu og Jósef og ungbarnið, sem lá í jötu. Þegar þeir sáu það, skýrðu þeir frá því, er þeim hafði verið sagt um barn þetta. Og allir, sem heyrðu, undruðust það, er hirðarnir sögðu þeim. En María geymdi allt þetta í hjarta sér og hugleiddi það.“

Já, kæru vinir, svona er frásögnin í guðspjalli jóladagsins. Göngum héðan og gerum slíkt hið sama. Geymum boðskapinn í hjörtum okkar og hugleiðum hann.

Gleðilega aðventu og jólahátíð sem nú fer í hönd.